

Hveragerðisbær
Sunnmörk 2
810 Hveragerði



Reykjavík 8. desember 2015
UST201511-135/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Hveragerðis 2017 – 2029. Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hveragerðis er barst 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hveragerðis 2017 – 2029.

Hverfisvernd


Eins og fram kemur í lýsingu eru Varmá og Ölfusforir á náttúruminjaskrá. Í skránni kemur fram að Varmá hefur mikið vísindalegt gildi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að nágrenni Varmár og áin sjálf séu vernduð gegn frekari raski en orðið er. Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd Varmár, og skilyrðum varðandi framkvæmdir er fylgja.


Umhverfisstofnun tekur undir það að hugað verður að því að hverfisvernda fleiri svæði, hús og tré í fyrirhugaðri endurskoðun aðalskipulagsins.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur